

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2010/EES/6/62

frá 12. desember 2007

um samþykki fyrir breytingum á landsáætlun, sem Finnland hefur lagt fram, um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* (\*)

(tilkynnt með númeri C(2007) 6097)

(Einungis finnski og sænski textinn hafa lagagildi)

(2007/849/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Landsáætlun sem Finnland lagði fram um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus*, var samþykkt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/759/EB frá 8. nóvember 2006 um samþykkt tiltekinna landsáætlana um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* <sup>(2)</sup>.
- 2) Finnland hefur nú lagt fram breytingar á landsáætlun sinni til samþykktar.
- 3) Í fyrirhuguðum breytingum á áætluninni er tekið tillit til breytinga á ástandinu í Finnlandi. Þær uppfylla viðeigandi kröfur heilbrigðislöggjafar Bandalagsins um dýr og dýraafurðir, einkum kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 2160/2003.
- 4) Því ber að samþykkja breytingar á landsáætluninni um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* sem Finnland lagði fram.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA

1. gr.

Breytingar sem Finnland hefur lagt fram á landsáætlun sinni um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus*, eins og hún var samþykkt með ákvörðun 2006/759/EB, eru samþykktar.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. janúar 2008.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Lýðveldisins Finnlands.

Gjört í Brussel 12. desember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 85. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 33, 25.6.2009, p. 1.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1237/2007 (Stjtið. ESB L 280, 24.10.2007, bls. 5).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 311, 10.11.2006, bls. 46.